

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag í landi Miðengis, Bústjórabyggð.*
Í deiliskipulaginu felst að á 18,5 ha svæði er gert ráð fyrir 16 frístundalóðum og er stærð lóða á bilinu 0,7-0,9 ha. Heimilt er að reisa 50-150 m² frístundahús á hverri lóð auk þess allt að 40 m² aukahús. Hámarkshæð húsa er 6 m og nýtingarhlutfall lóðar má ekki vera hærra en 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2008.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness, lóð við Kjarrbraut.*
Í breytingunni felst að heimilt er að reisa frístundahús og aukahús á hverri lóð þannig að hámarksnýtingarhlutfall verði 0,03 og hámarksstærð aukahúss verði 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness, lóðir við Efri-Markarbraut, Kjalbraut og Birkibraut.*
Í breytingunni felst að heimilt er að reisa frístundahús og aukahús á hverri lóð þannig að hámarksnýtingarhlutfall verði 0,03 og hámarksstærð aukahúss verði 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells I, svæði I.*
Í breytingunni felst að stærð aukahúsa á lóð verði 40 m² í stað 25 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells I, svæði II.*
Í breytingunni felst að stærð aukahúsa á lóð verði 40 m² í stað 25 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. nóvember 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.